

Erindisbréf fyrir fulltrúa í innkaupanevnd sem er til ráðgjafar Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum og starfar undir forystu landsbókavardar.

Samþykkt á fundi nefndarinnar 12. október 2004, með breytingum 19. apríl 2005.

Skipan nefndarmanna

Í innkaupanevnd er einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna safnahópa:

Háskólabókasöfnum

Heilbrigðissöfnum

Sambandi íslenskra sveitarfélaga / Almenningsbókasöfnum

Skólabókasöfnum

Rannsóknarbókasöfnum

Að auki á sæti í nefndinni einn fulltrúi frá Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni

Safnahóparnir tilnefna aðalfulltrúa til tveggja ára í senn og geta einnig tilnefnt varamann. Að öllu jöfnu skulu þeir fulltrúar sem veljast í innkaupanevnd hafa góða yfirsýn um fjármál þeirra safna er þeir starfa hjá þar sem ákvarðanir innkaupanevndar snerta mikið útgjöld bókasafna. Enginn hámarkstími er á setu einstakra fulltrúa í nefndinni en þeir skulu tilkynna landsbókaverði með góðum fyrirvara hyggist þeir draga sig í hlé og leitar hann þá til viðkomandi safnahóps um tilnefningu nýs fulltrúa. Innkaupanevnd tók til starfa í marsbyrjun árið 2003 og teljast fyrstu fulltrúar því skipaðir til febrúarloka árið 2005. Varamenn eru fyrst tilnefndir árið 2004, einnig til tveggja ára, þannig að skipti þeirra fara fram á miðju starfstímabili aðalfulltrúa. Seta varamanna er ekki heldur bundin hámarkstíma.

Hlutverk

Samkvæmt samningi menntamálaráðuneytis og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er hlutverk innkaupanevndar eftirfarandi:

Að taka ákvörðun um kaup á rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í landsaðgangi.

Að ákveða kostnaðarskiptingu milli helstu notendahópa.

Að taka þátt í samningagerð og fylgjast með samningum sem gerðir eru.

Að fylgjast með þróun á sviði rafrænnar upplýsingamiðlunar.

Nefndarmenn skulu hafa almannahagsmuni / hagsmuni heildarinnar og hagsmuni þeirra safnahópa sem þeir starfa fyrir að leiðarljósi í störfum sínum. Þeir skulu einnig leitast við að upplýsa samstarfshópa þeirra safnategunda er þeir eru fulltrúar fyrir sem best um starf nefndarinnar.

Starfshættir

Innkaupanevnd fundar með fastráðnum starfsmanni landsaðgangs. Boðar hann nefndarmenn til fundar eftir því sem tilefni gefst og skal að öllu jöfnu miðast við að ekki sé fundað sjaldnar en einu sinni í mánuði yfir vetrartímann en oftar sé þess þörf. Einnig verða nefndarmenn að vera reiðubúnir að sækja kynningar og fundi með söluaðilum og útgefendum rafrænna gagnasafna, bóka og tímarita og leggja á sig ferðalög í því sambandi. Þau skulu vera nefndarmönnum að kostnaðarlausu og nauðsynlegt er að vinnuveitandi þeirra líti á störf í innkaupanevnd sem hluta af starfi viðkomandi.

Nefndin getur, ef hún metur þörf á, kallað til og tilnefnt fulltrúa í undirnevnd til þess að ræða einstök brýn verkefni.

Starfsmaður landsaðgangs sendir dagskrá funda til innkaupanevndar með góðum fyrirvara og fundargerðir skulu skrifaðar og samþykktar af fundarmönnum.
